



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA



Fjórðungssamband
Vestfirðinga
STOFNAD 1949

Gróðurfar á Hólum og Söndum í Dýrafirði og Hvestu í Arnarfirði

Hafdís Sturlaugsdóttir
og
Anton Helgason

Unnið fyrir
Fjórðungssamband Vestfirðinga

Umsjón
Aðalsteinn Óskarsson

September 2007
NV nr. 12-07

Úrdráttur

Vegna hugsanlegrar Olíuhreinsistöðvar, í Hvestu í Arnarfirði eða á Söndum og Hólum í Dýrafirði, bað Fjórðungssamband Vestfirðinga um könnun á gróðurfari á þessum svæðum.

Skoðunin var gerð 30. og 31. júlí 2007. Gróðurfari var lýst og teiknað inn á kort. Einnig var gengið um svæðin og tegundagreint.

Nokkuð fjölbreytt gróðurhverfi voru á Hólum og á Söndum en öll eru þau fremur algeng á landsvísu. Þar fundust tvær tegundir sem eru fremur sjaldgæfar, tjónubrúsi og fölvastör.

Gróðurhverfi sem fundust í Hvestu voru öll algeng á landsvísu. Ein tegund fannst sem er fremur sjaldgæf, strandsauðlaukur.

Efnisyfirlit

Úrdráttur.....	2
Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	4
Aðferð.....	4
Sandar og Hólar í Dýrafirði.....	4
Hvesta í Arnarfirði.....	5
Gagnasöfnun.....	5
Niðurstöður.....	6
Hólar og Sandar í Dýrafirði.....	6
Lýsing.....	6
Gróðurlendi.....	6
Tegundir plantna.....	7
Hvesta í Arnarfirði.....	7
Lýsing.....	7
Gróðurlendi.....	7
Tegundir plantna.....	8
Umræða.....	8
Hólar og Sandar í Dýrafirði.....	8
Hvesta í Arnarfirði.....	8
Heimildir.....	9
Fylgiskjal 1.....	10
Fylgiskjal 2.....	11
Fylgiskjal 3 – Tegundalisti.....	12
Fylgiskjal 4 – Tegundalisti.....	15

Inngangur

Vegna hugsanlegrar Olúhreinisstöðvar, í Hvestu í Arnarfirði eða á Söndum og Hólum í Dýrafirði, bað Fjórðungssamband Vestfirðinga um könnun á gróðurfari á þessum svæðum. Í þessari skýrslu er gróðri lýst, gerð grein fyrir helstu gróðurlendum og algengustu tegundum plantna. Einnig er gerð grein fyrir hvort gróðurlendi teljist sérstæð, eða sérstaklega verðmæt og hvort fundist hafi sjaldgæfar tegundir plantna á ofantöldum stöðum. Skýrslan byggir á vettvangsathugun sem gerð var í júlí 2007.

Aðferð

Sandar og Hólar í Dýrafirði

Rannsóknarsvæðið er láglendið á mótum Brekkudals og Kirkjubólsdals. Svæðið afmarkast af Sandafellinu og skógrækt að austanverðu, að sunnanverðu afmarkast svæðið af landamerkjum við bæinn Kirkjuból niður með Kirkjubólsánni og upp með Brekkudalsá, að vestanverðu að Hólafjalli og Hólahrygg og að norðan afmarkar sjórinn rannsóknarsvæðið.



Mynd 1. Rannsóknarsvæðið á Hólum og Söndum í Dýrafirði séð ofan frá Sandafelli

Hvesta í Arnarfirði

Rannsóknarsvæðið er láglandið í Hvestudal við Arnarfjörð sunnanverðan.



Mynd 2. Séð niður Hvestudal.

Gagnasöfnun

Skipta má aðferð við gróðurskoðunina í þrennt.

1. Loftmyndir voru skoðaðar og athugaðir plöntulistar samkvæmt plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2007). Plöntulistar samkvæmt vefsjónum voru bornir saman við Válista 1 fyrir plöntur (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996).
2. Gróður var skoðaður 30. júlí í Hvestu og 31. júlí 2007 var gróður skoðaður á Hólum og Söndum í Dýrafirði. Við gróðurskoðun var gengið um svæðin og skráðar plöntutegundir sem þar uxu. Þá voru einnig skráðar almennar lýsingar á gróðurfari og og teiknað inn á loftmyndir.
3. Gróðurfari var flokkað eftir gróðurflokkunarlykli samkvæmt gróðurlykli Náttúrufræðistofnunar Íslands (júlí 1997) skráð á loftmynd.

Niðurstöður

Hólar og Sandar í Dýrafirði

Lýsing

Hólar og Sandar í Dýrafirði standa sitt hvoru megin við Sandaá. Landið hækkar frá sjónum og er hallinn jafnari Hóla megin við ána en meira í stöllum Sanda megin. Undirlendi er þó nokkurt. Jörðin Sandar er ekki í búskap en þar hefur Hestamannafélagið Stormur aðstöðu og er bæði með skeiðvöll og hesthús ásamt reiðskemmu. Í fjörunni neðan Sanda er aðstaða vegna steypustöðvar. Á Hólum er stundaður hefðbundinn búskapur með sauðfé. Þar er Þingeyrarflugvöllur sem er varaflugvöllur fyrir Ísafjörð.



Mynd 3. Hrossabeitarhólf.

Gróðurlendi



Mynd 4. Tjörn með trjónubrúsa.

Á Söndum, austan megin Sandaár er votlendi upp frá ánni. Það hefur að mestu leiti verið ræst fram og framræslan borið árangur. Þar er hálf og heilgrasagróður og er landið að mestu notað sem beitarhólf fyrir hross. Hluti af þessu votlendi hefur þó lítið þornað og standa þar uppi tjarnir. Þar er Tjarnarstör mjög áberandi ásamt klófífu. Í þessum tjörnum fannst fölvastör, sjaldgæf stör, sem ekki hefur fundist nema á einum stað á Vestfjörðum áður þ.e. á Rauðasandi. Einnig fannst trjónubrúsi, sem er fremur sjaldgæfur. Fyrir ofan mýrarnar taka

við melhólar með mýradrögum á milli. Þar eru m.a. litlar tjarnir með tjarnarstör, klófífu og trjónubrúsa. Meðfram Sandaá og svo Brekkudalsá eru áreyrar með melagróðri s.s. holurt, geldingarhnapp og melasól. Hóla megin við Sandaá er graslendi og ræktað land að mestu. Meðfram ánni eru einnig mosapúfur og mýrlendi. Þar eru ísaltar tjarnir en á bökkum þeirra eru sjárvarfitjungur, tágamura og fjöruarfi mest áberandi. Meðfylgjandi er loftmynd af Hólum og Söndum í Dýrafirði, þar er gróðurlendi flokkuð eftir gróðurgreiningarlista Náttúrufræðistofnunar Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1997) merkt fylgiskjal 1.



Mynd 5. Fölvastör í tjörn.

Tegundir plantna

Nokkuð mikil tegundafjölbreytni var á svæðinu. Alls fundust 123 tegundir háplantna á rannsóknarsvæðinu. Flestar tegundirnar eru algengar um allt land en eins og áður er getið hefur fölvastör eingöngu fundist á Rauðasandi fyrir utan Sanda. Tegundalisti fylgir með merktur fylgiskjal 3.

Hvesta í Arnarfirði

Lýsing

Hvestudalur er nokkuð þröngur og undirlendi fremur lítið. Undirlendið er að mestu framræstar mýrar og hefur landið verið ræktað að stórum hluta og lítið er um óraskað land. Hvestuá rennur um dalinn og er virkjun í ánni framarlega við bæjarhúsin. Þaðan rennur áin í farvegi sem hefur verið lagfærður (sett í stokk). Neðarlega í dalnum vestanverðum eru tjarnir og hólmar sem eru manngerðir að hluta til. Þar hefur verið reynt að koma upp æðarvarpi. Ábúendur á Hvestu stunda sauðfjárbúskap og eru með samning við Skjólsskóga á Vestfjörðum um plöntun á skógi. Búið er að girða landið, en plöntun ekki hafin. Fjaran er nokkuð breið með ljósum sandi.

Gróðurlendi

Þegar litið er yfir Hvestudalinn er mest áberandi graslendi og hve hann er vel gróinn. Fjaran er nokkuð breið og þar er gróðurþekja lítil og helst túnvingull, hrossanál og aðeins af melgresi. Austan megin ár er beitiland á framræstri mýri næst fjallinu með bugðupunti og túnvingli og mýreltingu ríkjandi. Neðar eru melar með túnvingli og hrossanál. Nokkuð stórt svæði hefur verið ræktað, en þar hafði brunnið af vegna þurrka og svæðið gult og sviðið yfir að líta. Næst fjörunni að austanverðu eru svæði með hrossanál og túnvingli. Fyrir ofan fjöruna að vestanverðu tekur við gulstör, hrossanál og túnvingull. Næst fjallshlíðinni var língresi, elfting, bugðupunktur og klófífa áberandi.



Mynd 6. Séð yfir fjöruna.



Mynd 7. Manngerð tjörn.

Við votlendið og tjarnirnar í miðjum dalnum voru starir ríkjandi, aðallega gulstör og mýrastör. Einnig fannst þarna strandsauðlaukur í nokkru mæli. Strandsauðlaukurinn er fremur sjaldgæf tegund en hefur fundist á 4 stöðum á Vestfjörðum.

Meðfylgjandi er loftmynd af Hvestu í Arnarfirði þar sem gróðurlendi eru flokkuð eftir gróðurgreiningarlista Náttúrufræðistofnunar Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1997) merkt fylgiskjal 2.

Tegundir plantna

Tegundafjölbreytni er nokkur á svæðinu. Alls fundust 118 tegundir háplantna á rannsóknarsvæðinu. Flestar þessar tegundir eru algengar um allt land. Tegundalisti fylgir í fylgiskjali 4.

Umræða

Hólar og Sandar í Dýrafirði

Nokkuð fjölbreytt gróðurhverfi eru á Hólum og á Söndum en öll eru þau fremur algeng á landsvísu. Þar fundust tvær tegundir sem eru fremur sjaldgæfar.

Hvesta í Arnarfirði

Gróðurhverfi sem fundust á Hvestu eru flest algeng á landsvísu. Mest var af graslendi en einnig eru þar manngerðar tjarnir. Ein tegund fannst sem er fremur sjaldgæf.

Heimildir


Hörður_Kristinsson. (1986). *Plöntuhandbókin: blómplöntur og byrkningar*.
Reykjavík: Örn og Örlygur.

Náttúrufræðistofnun_Íslands. (1996). *Válisti 1 : Plöntur*. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun_Íslands. (1997). Gróðurgreining.

Náttúrufræðistofnun_Íslands. (2007). Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands:
<http://www.ni.is/>.

Gróðurfar á Hólum og Söndum í Dýrafirði




Skýringar

B1 - Krækilyng, fjalldrapi, bláberjalyng
H2 - Grös með störum
H3 - Grös með smárunnum
L3 - Lúpína
R2 - Tún í góðri rækt
U4 - Mýrastör/stinnastör, klófífa
U19 - Mýrastör/stinnastör, tjarnarstör
V2 - Tjarnarstör

V7 - Gulstör, blátoppastör, hálmgresi
Y3 - Vatnsliðagras, brúsar
me - Melar
Le - Blautar áreyrar
ey - Þurrar áreyrar
sa - Sandar
x - Gróðurþekja 75%
z - Gróðurþekja 50%

Mælikvarði 1:25.000
Kortagerð NaVe/HS 2007

Gróðurfar í Hvestu í Arnarfirði



Skýringar

- H2 - Grös með störum
- H7 - Grös með elftingu
- R2 - Tún í góðri rækt
- R3 - Tún (ekki slegin)
- R4 - Tún (þarf endurrækt)
- V7 - Gulstör, blátoppastör, hálmgresi
- le - Blautar áreyrar
- ey - Þurrar áreyrar
- sa - Sandar
- x - Gróðurþekja 75%

Mælikvarði 1 : 25.000
Kortagerð NaVe/HS 2007

Fylgiskjal 3 – Tegundalisti

Háplöntutegundir sem fundust við gróðurskoðun í júlí 2007 á Söndum og Hólum í Dýrafirði annars vegar og hins vegar í Hvestu í Arnarfirði. Nafngiftir eru samkvæmt Herði Kristinssyni (Hörður Kristinsson, 1986).

Dýrafjörður – Sandar og Hólar

Íslenskt heiti

Aðalbláberjalyng
Akurarfi
Alurt
Augnfró
Axxæra
Belgjastör
Bjúgstör
Bláberjalyng
Blálilja
Blásveifgras
Blátoppastör
Blávingull
Blóðarfi
Blóðberg
Blómsef
Brennisóley
Brjóstagras
Bugðupunktur
Efjugras
Engjarós
Engjavöndur
Finnungur
Fjallafoxgras
Fjallasveifgras
Fjöruarfi
Flagahnoðri
Flagasóley
Fölvastör
Geldingahnappur
Grasvíðir
Grávíðir
Grávörblóm
Gullmura
Gulmaðra
Gulstör
Gulvíðir
Haugarfi
Háliðagras

Latneskt heiti

Vaccinium myrtillus
Stelleria graminea
Subularia aquatica
Euphrasia frigida
Luzula spicata
Carex panicea
Carex maritima
Vaccinium uliginosum
Mertensia maritima
Poa glauca
Carex curta
Festuca vivipara
Polygonum aviculare
Thymus praecox
Juncus triglumis
Ranunculus acris
Thalictrum alpinum
Deschampsia flexuosa
Limosella aquatica
Potentilla palustris
Gentianella detonsa
Nardus stricta
Phleum alpinum
Poa alpina
Honckenya peploides
Sedum villosum
Ranunculus reptans
Carex livida
Armeria maritima
Salix herbacea
Salix callicarpea
Draba incana
Potentilla crantzii
Galium verum
Carex lyngbyei
Salix phylicifolia
Stelleria media
Alopecurus pratensis

Íslenskt heiti

Hálingresi
Hálmgresi
Helluhnoðri
Hengistö
Hjónagras
Hnúðsef
Holtasóley
Holurt
Hófsóley
Hrafnaklukka
Hrossanál
Hvítmaðra
Hvítsmári
Ilmreyr
Jakobsfífill
Kattartunga
Klóelfting
Klófífa
Kornsúra
Krækilyng
Lambagras
Lindadúnurt
Litunarjafni
Ljónslappi
Ljósberi
Loðvíðir
Lokasjóður
Lófótur
Lyfjagras
Lyngjafni
Lækjadepla
Lækjargrýta
Maríustakkur
Maríuvöndur
Melablóm
Melasól
Melgresi
Mosajafni
Móasef
Mýrafinnungur
Mýrasauðlaukur
Mýrasef
Mýrasóley
Mýrastör
Mýrelfting

Latneskt heiti

Agrostis capillaris
Calamagrostis stricta
Sedum acre
Carex rariflora
Pseudorchis albida
Juncus bulbosus
Dryas octopetala
Silene uniflora
Caltha palustris
Cardamine nymanii
Juncus arcticus
Galium normanii
Trifolium repens
Anthoxanthum odoratum
Erigeron borealis
Plantago maritima
Equisetum arvense
Eriophorum angustifolium
Bistorta vivipara
Empetrum nigrum
Silene acaulis
Epilobium alsinifolium
Diphazium alpinum
Alchemilla alpina
Lychnis alpina
Salix lanata
Rhinanthus minor
Hippuris vulgaris
Pinguicula vulgaris
Lycopodium annotinum
Veronica serpyllifolia
Montia fontana
Alchemilla vulgaris
Gentianella campestris
Cardaminopsis petraea
Papaver radicum
Leymus arenarius
Selaginella selaginoides
Juncus trifidus
Trichophorum caespitosum
Triglochin palustris
Juncus alpinus
Parnassia palustris
Carex nigra
Equisetum palustre

Íslenskt heiti

Mýrfjóla
Ólafssúra
Reyrgresi
Sauðamergur
Sérbylisstör
Síkjabrúða
Síkjamari
Skammkrækili
Skarifífill
Skollafingur
Skriðlíngresi
Skriðnablóm
Slíðrastör
Snarrótarpuntur
Sóldögg
Steindepla
Stinnastör
Stjörnusteinbrjótur
Sýki gras
Tágamura
Tjarnarstör
Trefjasóley
Trjónubrúsi
Tungljurt
Túnfífill
Túnsúra
Túnvingull
Undafífill
Vallarfoxgras
Vallarsveifgras
Vallelfting
Vallhumall
Vallhæra
Varpasveifgras
Vatnsliðagras
Vegarfi
Vetrarkvíðastör
Vorbrúða
Práðsef
Þursaskegg
Þúfusteinbrjótur

Latneskt heiti

Viola palustris
Oxyria digyna
Hierochloë odorata
Loiseleuria procumbens
Carex dioeca
Callitriche hamulata
Myriophyllum alterniflorum
Sagina procumbens
Leontodon autumnalis
Huperzia selago
Agrostis stolonifera
Arabis alpina
Carex vaginata
Deschampsia caespitosa
Drosera rotundifolia
Veronica fruticans
Carex bigelowii
Saxifraga stellaris
Tofieldia pusilla
Potentilla anserina
Carex rostrata
Ranunculus hyperboreus
Sparganium angustifolium
Botrychium lunaria
Taraxacum spp.
Rumex acetosa
Festuca richardsonii
Hieracium spp
Pyleum pratense
Poa pratensis
Equisetum pratense
Achillea millefolium
Luzula multiflora
Poa annua
Alopecurus aequalis
Cerastium fontanum
Carex chordorrhiza
Callitriche palustris
Juncus filiformis
Kobresia myosuroides
Saxifraga caespitosa

Fylgiskjal 4 – Tegundalisti

Arnarfjörður – Hvesta

Íslenskt heiti

Aðalbláberjalyng
Akurarfi
Augnfró
Axxæra
Beitieski
Belgjastör
Bjúgstör
Bláberjalyng
Blásveifgras
Blátoppastör
Blávingull
Blóðarfi
Blóðberg
Brennisóley
Brjóstagras
Brönugrös
Bugðupunktur
Burnirót
Engjarós
Finnungur
Fjallafoxgras
Fjöruarfi
Fjörukál
Friggjargras
Geithvönn
Geldingahnappur
Gleym-mér-ei
Grasvíðir
Grávorbólóm
Gullmura
Gullvöndur
Gulmaðra
Gulstör
Gulvíðir
Haugarfi
Háliðagras
Hálíngresi
Hálmgresi
Helluhnoðri
Hengistör
Hjartaarfi
Hjónagras

Latneskt heiti

Vaccinium myrtillus
Stelleria graminea
Euphrasia frigida
Luzula spicata
Equisetum variegatum
Carex panicea
Carex maritima
Vaccinium uliginosum
Poa glauca
Carex curta
Festuca vivipara
Polygonum aviculare
Thymus praecox
Ranunculus acris
Thalictrum alpinum
Dactylorhiza maculata ssp. *islandica*
Deschampsia flexuosa
Rhodiola rosea
Potentilla palustris
Nardus stricta
Phleum alpinum
Honckenya peploides
Cakile arctica
Platanthera hyperborea
Angelica sylvestris
Armeria maritima
Myosotis arvensis
Salix herbacea
Draba incana
Potentilla crantzii
Gentianella aurea
Galium verum
Carex lyngbyei
Salix phylicifolia
Stelleria media
Alopecurus pratensis
Agrostis capillaris
Calamagrostis stricta
Sedum acre
Carex rariflora
Capsella bursa-pastoris
Pseudorchis albida

Íslenskt heiti

Hlaðkolla
Hnúskakrækil
Holtasóley
Hófsóley
Hrafnaþífa
Hrafnaklukka
Hrossanál
Hvítmaðra
Ilmreyr
Ígulstör
Jakobsþífill
Kattartunga
Klóelfting
Klóþífa
Klukkublóm
Knjáliðagras
Kornsúra
Krækilyng
Kúmen
Lambagras
Lágarfi
Lindadúnurt
Lindasef
Ljónslappi
Ljósatvítönn
Lokasjóður
Lófótur
Lyfjagras
Lækjargrýta
Maríustakkur
Melgresi
Mosajafni
Mosasteinbrjótur
Móasef
Músareyra
Mýrafinnungur
Mýrasauðlaur
Mýrasef
Mýrasóley
Mýrastör
Mýrelfting
Mýrfjóla
Njóli
Ólafssúra
Reyrgresi

Latneskt heiti

Chamomilla suaveolens
Sagina nodosa
Dryas octopetala
Caltha palustris
Eriophorum scheuchzeri
Cardamine nymmanii
Juncus arcticus
Galium normanii
Anthoxanthum odoratum
Carex echinata
Erigeron borealis
Plantago maritima
Equisetum arvense
Eriophorum angustifolium
Pyrola minor
Alopecurus geniculatus
Bistorta vivipara
Empetrum nigrum
Carum carvi
Silene acaulis
Stellaria humifusa
Epilobium alsinifolium
Juncus ranarius
Alchemilla alpina
Lamium album
Rhinanthus minor
Hippuris vulgaris
Pinguicula vulgaris
Montia fontana
Alchemilla vulgaris
Leymus arenarius
Selaginella selaginoides
Saxifraga hypnoides
Juncus trifidus
Cerastium alpinum
Trichophorum caespitosum
Triglochin palustris
Juncus alpinus
Parnassia palustris
Carex nigra
Equisetum palustre
Viola palustris
Rumex longifolius
Oxyria digyna
Hierochloë odorata

Íslenskt heiti

Sjávarfítjungur
Skarífífill
Skollafingur
Skriðlíngresi
Skriðnablóm
Skriðsóley
Smjörgras
Snarrótarpuntur
Stinnastör
Stjörnuarfi
Stjörnusteinbrjótur
Strandsauðlaukur
Sýkigras
Tágamura
Tjarnarstör
Tófugras
Tungljurt
Túnfífill
Túnsúra
Túnvingull
Undafífill
Vallarfoxgras
Vallarsveifgras
Vallelfting
Vallhæra
Varpasveifgras
Vegarfi
Vetrarblóm
Práðsef
Þursaskegg
Þúfusteinbrjótur

Latneskt heiti

Puccinellia maritima
Leontodon autumnalis
Huperzia selago
Agrostis stolonifera
Arabis alpina
Ranunculus repens
Bartsia alpina
Deschampsia caespitosa
Carex bigelowii
Stellaria crassifolia
Saxifraga stellaris
Triglochin maritimum
Tofieldia pusilla
Potentilla anserina
Carex rostrata
Cystopteris fragilis
Botrychium lunaria
Taraxacum spp.
Rumex acetosa
Festuca richardsonii
Hieracium spp
Pyleum pratense
Poa pratensis
Equisetum pratense
Luzula multiflora
Poa annua
Cerastium fontanum
Saxifraga oppositifolia
Juncus filiformis
Kobresia myosuroides
Saxifraga caespitosa